



MREL - STEFNA

SKILAVALDS SEDLABANKA ÍSLANDS





MREL - STEFNA

SKILAVALDS SEDLABANKA ÍSLANDS

Efnisyfirlit

I	Samantekt	4
II	Lagalegur grundvöllur	5
2.1	Lög um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja	5
2.2	Framseld reglugerð (ESB) 2016/1450 um tæknilega staðla varðandi aðferðafræði vegna MREL	6
2.3	BRRD II og frekari breyting á löggjöf um skilameðferð	6
III	Hlutverk og aðferðafræði MREL	8
3.1	Tengsl MREL við mat á skilabærni og skilaáætlanir fjármálfyrirtækja	8
3.2	Almennt um aðferðafræði vegna MREL	8
3.3	Fjárhæð tappols (LAA)	9
3.4	Fjárhæð endurfjármögnunar (RCA) og viðbótarfjárhæð til að viðhalda markaðstrausti (MCC)	9
3.5	Önnur viðmið vegna MREL	10
IV	Hæfar skuldbindingar	11
4.1	Skilgreiningar og undanskildar skuldbindingar	11
4.2	Undirskipan (e. Subordination)	12
V	MREL-kröfur Seðlabanka Íslands	13
5.1	Beiting skilaúrræða og flokkun fyrirtækja með hliðsjón af MREL	13
5.2	Afstaða varðandi fjárhæðir tappols (LAA) og endurfjármögnunar (RCA)	14
5.2.1.	Fjárhæð tappols (LAA)	14
5.2.2.	Fjárhæð endurfjármögnunar (RCA)	15
5.2.3.	Aðrar aðlaganir á fjárhæðum tappols og endurfjármögnunar á grundvelli MREL-reglugerðarinnar	15
5.3	Afstaða varðandi viðbótarfjárhæð til að viðhalda markaðstrausti (MCC)	15
5.4	Afstaða varðandi undirskipan (e. Subordination) og hæfar skuldbindingar	16
5.4.1.	Undirskipan	16
5.4.2.	MREL-kröfur á samstæðugrunni	17
5.4.3.	Takmörkun á krosseignarhaldi	17
5.4.4.	Önnur atriði varðandi hæfar skuldbindingar vegna MREL	17
5.5.	Afstaða varðandi tímafresti til að uppfylla MREL-kröfur	17
5.6.	Samantekt fyrir MREL-kröfur	18
VI	Önnur málefni tengd MREL	19
6.1.	Birting upplýsinga um MREL-kröfur	19
6.2.	Lokafrestur varðandi MREL samkvæmt BRRD II	19
6.3.	Viðurlög vegna MREL	19
6.4.	Aðrar skyldur fjármálfyrirtækja tengdar MREL	20

I Samantekt

Skilavald Seðlabanka Íslands tekur ákvörðun um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, það er MREL¹, fyrir sérhverja lánastofnun hér á landi, byggða á mati á skilabærni og skilaáætlun fyrirtækisins.

MREL samanstendur af fjárhæð tappols (*Loss Absorption Amount, LAA*) og fjárhæð endurfjármögnunar (*Recapitalisation Amount, RCA*).

Fjárhæð tappols er jöfn lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn, þ.e. samtala stoðar I og stoðar II-R (*Pillar 1/ Pillar 2*). Fjárhæð endurfjármögnunar er að lágmarki jöfn lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn. Við þá fjárhæð er almennt bætt álagi til að viðhalda markaðstrausti (*Market Confidence Charge, MCC*) sem jafnan nemur samanlagðri kröfu um eiginfjárauka með frádragi sem byggist á mati skilavalda EES-ríkjanna. Heimilt er að aðlaga fjárhæð endurfjármögnunar til samræmis við mat á líklegri stærð efnahagsreiknings komi til þess að fyrirtæki fari í skilameðferð. Fjárhæð endurfjármögnunar er 0 hjá fjármálafyrirtækjum sem fara í hefðbundna slitameðferð og fyrirtækjum þar sem æskilegasta skilameðferð felur einungis í sér beitingu annarra skilaúrræða en eftirgjöf.

Stefnt er að því að taka ákvarðanir um MREL-kröfur fjármálafyrirtækja í fyrsta sinn í ársbyrjun 2022, og að þær öðlist gildi á sama tíma. Þær stofnanir sem ekki uppfylla að fullu MREL-kröfur munu fá tilhlýðilegan aðlögunartíma til að bæta úr því. Innleiðing BRRD II hér á landi á komandi misserum mun hafa áhrif á MREL stefnu skilavalds Seðlabanka Íslands.

Helstu niðurstöður varðandi MREL-kröfur skilavalds Seðlabanka Íslands

- Fjárhæð tappols (LAA) verður jafngild lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn (Stoð I og Stoð II-R).
- Fjármálafyrirtækjum verða birtar MREL-kröfur án samanlögðu kröfunnar um eiginfjárauka og þurfa að uppfylla hana samhliða MREL.
- Fjárhæð endurfjármögnunar (RCA) verður jafngild lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn.
- Gildi áhættugrunns við útreikning á hlutfalli fjárhæðar endurfjármögnunar (RCA) kann að verða aðlagað (lækkað) miðað við líklega stöðu efnahagsreiknings fyrirtækis á fallanda fæti.
- Heimilt verður að uppfylla fjárhæð endurfjármögnunar (RCA) með almennu eigin fé þáttar 1, eða öðrum eiginfjárgrunnsgeringum, umfram heildarkröfu um eiginfjárgrunn.
- Ekki verður, að sinni, gerð krafa um viðbótarfjárhæð vegna markaðstrausts (MCC) hér á landi.
- Fjármálafyrirtæki hér á landi verða að uppfylla kröfur um hæfar skuldbindingar og undirskipan á hverjum tíma og þurfa að huga að þeim breytingum sem fylgja BRRD II.
- Skilavaldið bendir fjármálafyrirtækjum á að kynna sér skilyrði fyrir veitingu lengri aðlögunarfrests vegna MREL fyrir einstök fjármálafyrirtæki.
- Ítarlegri samantekt er að finna á bls. 18.

¹ Skammstöfunin MREL stendur fyrir *Minimum Requirement for Own Funds and Eligible Liabilities*.

II Lagalegur grundvöllur²

Í IV. kafla laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020 („sml.“) er fjallað um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar („MREL“ eða „MREL-kröfur“).³ MREL felur í sér að til viðbótar við heildarkröfu um eiginfjárgrunn, þ.e. til viðbótar við eiginfjáruka Seðlabanka Íslands og lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn⁴, tryggji samsetning fjármögnunar fjármálafyrirtækja bæði fullnægjandi tappól (e. Loss-Absorption) og að hægt sé að endurreisa eiginfjárgrunn (e. Recapitalisation) hjá fyrirtæki á fallanda fæti (e. Failing or likely to fail). Skilavald Seðlabanka Íslands ákvarðar MREL-kröfur í samræmi við 17. gr. sml., með hliðsjón af starfsemi og stöðu hvers og eins fjármálafyrirtækis og því að markmiðum skilameðferðar skv. 1. gr. sml. verði náð.⁵ Þá hefur aðferðafræði vegna útreikninga á MREL-kröfum verið samræmd innan EES með setningu framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/1450.⁶

2.1 Lög um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja

Í IV. kafla sml. er fjallað um MREL. MREL felur í sér tilgreint og afmarkað lágmarkshlutfall fjármagns (þ.e. eigin fjár og skulda) sem bankar þurfa að uppfylla á hverjum tíma. MREL er samkvæmt lögum sett fram sem fjárhæð tiltekinna, hæfra skuldbindinga og eiginfjárgrunns í hlutfalli við heildarskuldbindingar og eiginfjárgrunn. MREL er hinsvegar reiknað í hlutfalli af áhættugrunni (e. Total Risk Exposure Amount – TRE), sbr. 84. gr. e laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Skilavaldið ákvarðar hið afmarkaða hlutfall í samræmi við 1.-3. mgr. 17. gr. sml.

Til að skuldbindingar teljist fullgildar (e. Qualified) í MREL þurfa þær að uppfylla ákveðin skilyrði. Þær þurfa að teljast til hæfra skuldbindinga, þ.e. til fjármagnsgerninga eða skuldbindinga sem ekki eru hluti af eiginfjárgrunni og ekki undanþegnar eftirgjöf skv. 56. gr. sml. Þessu til viðbótar þurfa hæfar skuldbindingar að uppfylla sex skilyrði sem koma fram í 2. mgr. 17. gr. sml. Á meðal helstu skilyrða eru að skuldbindingarnar þurfa að vera innborgaðar og þær mega ekki vera skuldbindingar gagnvart fjármálafyrirtækinu sjálfu eða tryggðar eða á ábyrgð fyrirtækisins. Þær mega ekki heldur hafa verið fjármagnaðar af fyrirtækinu beint eða óbeint. Þá skal eftirstöðvatími skuldbindingar að lágmarki vera eitt ár. Sjá nánar í umfjöllun um hæfar skuldbindingar í kafla 4 í þessari stefnu.

Skilavaldið tekur endanlega ákvörðun um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar fyrir hvert fjármálafyrirtæki, sbr. 3. mgr. 17. gr. sml. Ákvörðunin skal að lágmarki grundvallast á eftirfarandi atriðum:

1. Að ljúka megi skilameðferð fyrirtækis með viðeigandi skilauurræðum, þ.m.t. eftirgjöf ef við á, á þann hátt að markmiðum skilameðferðar skv. 1. gr. verði náð.
2. Að hæfar skuldbindingar fyrirtækis séu nægar til að tryggja að við eftirgjöf búi fyrirtækið við fullnægjandi tappól og hægt sé að endurreisa hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 þannig að skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis verði uppfyllt og fyrirtækið viðhaldi trausti markaðarins.
3. Að aðrar hæfar skuldbindingar fyrirtækis en þær sem gert er ráð fyrir að geti fallið utan eftirgjafar skv. 2. mgr. 56. gr. eða verið framseldar í heild samkvæmt skilaáætlun fyrirtækis séu nægar til að tryggja að tappól þess sé fullnægjandi og mögulegt að endurreisa hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1 þannig að skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis verði uppfyllt.
4. Stærð, viðskiptalíkani, fjármögnunarlíkani og áhættusniði fyrirtækisins.
5. Að hvaða marki Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta („TIF“) geti komið að fjármögnun skilameðferðar skv. 82. gr.

2 Allar réttarheimildir sem eru í gildi hverju sinni varðandi MREL, beitingu skilauurræða og starfsemi skilavalds Seðlabanka Íslands eru aðgengilegar á [vefsíðu skilavaldsins](#).

3 Í þessari stefnu er til einföldunar oftast notast við alþjóðlegu skammstöfunina „MREL“ í staðinn fyrir lagalega heitið *lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar*. Það á ekki sist við þegar fjallað er um lágmarkskröfuna sem hlutfall eða „MREL-kröfur“ þegar um er að ræða heildarkröfur sem tengjast MREL, þ.e. hlutfallið ásamt t.a.m. skilyrðum vegna hæfra skuldbindinga.

4 Umfjöllun og hugtakanotkun um eiginfjárkröfur fjármálafyrirtækja í þessari stefnu er í samræmi við hugtakanotkun samkvæmt *Almennum viðmiðum og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands* (SREP-viðmið). [Sjá nánar hér](#), einkum bls. 15.

5 Í umfjöllun um MREL í þessari stefnu er notast við hugtakið „fjármálafyrirtæki“ til einföldunar um aðila sem MREL nær til, þótt MREL geti gilt um lánastofnanir, stærri verðbréfafyrirtæki og tiltekin eignarhaldsfélög eða aðrar einingar í samstæðu þessara fyrirtækja.

6 Reglugerðin var innleidd hér á landi með setningu [reglna um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins varðandi tæknilega staðla um skilameðferð og endurbótaáætlanir lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 666/2021](#), sbr. d-lið 1. gr. reglnanna.

6. Áhrifum ógjaldfærs fyrirtækis á fjármálastöðugleika, þ.m.t. vegna innbyrðis tengsla þess við aðrar lánastofnanir eða verðbréfafyrirtæki eða aðra hluta fjármálakerfisins.

Ákvörðun um MREL skal því taka með hliðsjón af því að kröfunni er ætlað að styðja við aðgerðir vegna skilameðferðar fyrirtækis, ef slíkt á við. Ákvörðunin skal einnig tekin með hliðsjón af því að fjármálafyrirtækið þarf að hafa nægar hæfar skuldbindingar, komi til eftirgjafar, þannig að það búi við fullnægjandi tappól og að hægt verði að endurreisa eiginfjárgrunn þess svo að fyrirtækið uppfylli skilyrði fyrir starfsleyfi.

Þá skal við töku ákvörðunar um MREL hafa hliðsjón af stærð fyrirtækis, viðskiptalíkani þess, fjármögnunarlíkani, þ.e. því hvernig það hagar fjármögnun sinni, og áhættusniði. Einnig skal ákvörðun skilavaldsins tekin með hliðsjón af aðkomu TIF vegna fjármögnunar skilameðferðar. Að lokum skal ákvörðunin tekin með hliðsjón af áhrifum á fjármálastöðugleika ef fyrirtæki verður ógjaldfært. Þannig skal huga að innbyrðis tengslum (e. Interconnectedness) þess við önnur fjármálafyrirtæki eða jafnvel aðra hluta fjármálakerfisins, og mögulegum smitáhrifum (e. Contagion) milli fyrirtækjanna.

Í aðdraganda slíkrar ákvörðunar þarf skilavald Seðlabankans að hafa samráð við fjármálaeftirlit Seðlabankans, sbr. 3. mgr. 4. gr. sml.

2.2 Framseld reglugerð (ESB) 2016/1450 um tæknilega staðla varðandi aðferðafræði vegna MREL

Samræmd viðmið til að reikna út MREL-kröfur eru sett fram í framseldri reglugerð (ESB) 2016/1450 („MREL-reglugerðin“), sem innleidd var hér á landi í byrjun júní 2021, með setningu reglna nr. 666/2021. MREL-reglugerðin hefur að geyma tæknilega staðla Evrópska bankaeftirlitsins sem eru notaðir til að ákvarða MREL-hlutfall. Samkvæmt MREL-reglugerðinni hefur skilavaldið nokkuð, en takmarkað, svigrúm til eigin mats og til að taka ákvarðanir um einstaka þætti MREL.

MREL-reglugerðin ákvarðar þá þætti eiginfjárfarfna sem horfa ber til þegar tekin er ákvörðun um MREL, þ.e. fjárhæð tappols (1. gr. reglugerðarinnar) og fjárhæð endurfjármögnunar (2. gr.). Þá kemur fram í MREL-reglugerðinni (3.-6. gr.) að skilavaldið skuli meta og taka ákvörðun um MREL með hliðsjón af eftirtöldum þáttum:

- Hvort einhverjar ákveðnar skuldbindingar verði sérstaklega undanþegnar eftirgjöf á grundvelli heimildar skv. 2. mgr. 56. gr., áhættusniði, viðskiptalíkani og fjármögnunarsamsetningu fyrirtækis,

- stærð og kerfisáhættu, og
- framlagi frá TIF til að fjármagna skilaaðgerðir.

Ráða má af 1. og 2. gr. MREL-reglugerðarinnar að útgangspunktur aðferðafræðinnar sé að lágmarkshlutfall MREL eigi að vera jafnt og tvöföld heildarkrafa um eiginfjárgrunn. Hlutfallinu er enda ætlað að tryggja að fyrirtæki geti, sé það á fallanda fæti, starfað áfram í kjölfar eftirgjafar og uppfyllt sömu kröfur og eru gerðar til þess fyrir fall. Hins vegar býður reglugerðin upp á aðlaganir á fjárhæðum, séu tiltekin skilyrði uppfyllt. Þetta á bæði við um fjárhæð tappols og fjárhæð endurfjármögnunar.

Á grundvelli 5. mgr. 1. gr. MREL-reglugerðarinnar er m.a. hægt að aðlaga fjárhæð tappols, þannig að hún getur ýmist verið hærri eða lægri en heildarkrafa um eiginfjárgrunn. Þá er heimilt að taka þjóðhagsvarúðartengda áhættuþætti, séu þeir stoð II-R kröfu fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, út úr fjárhæð tappols. Að lokum er hægt að taka eiginfjáruka að hluta eða öllu leyti út úr fjárhæð tappols.

Á grundvelli 8. og 9. mgr. 2. gr. MREL-reglugerðarinnar er hægt að aðlaga fjárhæð endurfjármögnunar. Þannig getur viðbótarfjárhæðin til að viðhalda trausti markaðar eftir skilameðferð („MCC“), sem almennt á að vera jafn há og samanlögð krafa um eiginfjáruka, verið lægri ef tryggt verður að nauðsynleg starfsemi fyrirtækis haldi áfram með samfelldum hætti og að fjármögnun fyrirtækisins eftir skilameðferð verði stöðug. Þá getur fjárhæð endurfjármögnunar verið lægri á grundvelli þess að allar eða einhverjar viðbótarkröfur um eiginfjárgrunn (Stoð II-R) eða eiginfjáruka sem nú gilda um fyrirtækið gildi ekki eftir beitingu skiláurræðis. Þá er á grundvelli 2. gr. reglugerðarinnar heimilt að aðlaga gildi áhættugrunns. Algengt er á meðal Evrópuríkja að slík aðlögun nemi um 10% af áhættugrunni.

2.3 BRRD II og frekari breyting á löggjöf um skilameðferð

Líkt og vikið er að á nokkrum stöðum í þessari MREL-stefnu er þegar orðið ljóst að ýmsar breytingar á MREL og lögum um skilameðferð eru í farvatninu. Tilskipun (ESB) 2019/879 um tappols- og endurfjármögnunargetu fjármálafyrirtækja, eða BRRD II eins og hún er almennt kölluð, hefur þegar öðlast gildi innan ESB. Eins og skammstöfunin gefur til kynna breytir tilskipunin BRRD I sem innleidd var hér á landi með setningu laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020. BRRD II hefur einkum þau áhrif að samræma innan EES hvernig MREL er beitt, auk þess sem skilastjórnvöld fá valdheimildir til að takmarka útgreiðslur fyrirtækja (M-MDA).

Innleiðing og gildistaka BRRD II helst í hendur við hluta af þeim breytingum sem leiða af CRR II, þ.e. breytingum á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 um varfærniskröfur vegna starfsemi lánastofnana og verðbréfafyrirtækja. CRR II hefur þegar öðlast gildi hér á landi að hluta⁷, en á grundvelli b-liðar 1. gr. reglugerðar nr. 749/2021, öðlast þeir hlutar CRR II sem varða hæfar skuldbindingar og skilavald ekki gildi strax. Það mun ekki verða fyrr en eftir upptöku BRRD II í EES-samninginn og innleiðingu tilskipunarinnar í íslensk lög.

Á meðal þeirra breytinga sem BRRD II hefur í för með sér er að eiginfjárauðar verða ekki hluti af fjárhæð tappols í MREL. Krafa um að uppfylla þá verður sjálfstæð og til hliðar við MREL-kröfur. Eftir BRRD II getur það gerst að fjármálafyrirtæki uppfylli MREL-kröfur ekki að fullu, en uppfylli samt kröfur um eiginfjárouka. Á sama hátt er möguleiki að þau uppfylli MREL-kröfur, en ekki kröfur um eiginfjárouka. Aðferðafræðin varðandi fjárhæð endurfjármögnunar í BRRD II er hins vegar sambærileg og samkvæmt MREL-reglugerðinni, sbr. kafla 2.2 að framan. Sams konar viðmið liggja til grundvallar mati á aðlögun á fjárhæðinni. Helsti munurinn er að útgangspunkturinn varðandi MCC er samkvæmt BRRD II að viðbótarfjárhæðin eigi almennt að vera jöfn samanlagðri kröfu um eiginfjárouka að frádregnum sveiflujöfnunarauka.

⁷ CRR II öðlaðist gildi að hluta með setningu laga nr. 44/2021, sem breyttu lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og setningu reglugerðar nr. 749/2021, sem breytti reglugerð um varfærniskröfur fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017.

III Hlutverk og aðferðafræði MREL

Markmiðið með MREL er að fjármálafyrirtæki hafi til staðar nægt fjármagn sem tryggir bæði tappól þess og endurfjármögnun, ef þarf.⁸ MREL er ætlað að tryggja að hægt verði að beita eftirgjöf, þannig að í stað þess að fallin fjármálafyrirtæki verði endurfjármögnuð með ríkisaðstoð (e. Bail-out) verði fjármagni lánardrottna þeirra varið til þess (e. Bail-in). Markmiðið með MREL er einnig að koma í veg fyrir að skuldbindingar fyrirtækis séu með þeim hætti að þær nýtist ekki til eftirgjafar.

Skilavald Seðlabanka Íslands getur krafist þess að fjármagn fjármálafyrirtækja, þ.e. eigið fé og skuldir/skuldbindingar, nái tiltekinni upphæð og uppfylli ákveðin skilyrði svo öruggt sé að hægt verði að endurfjármagna fjármálafyrirtækið, ef til falls kemur. MREL-kröfur gegna þannig tvíþættu hlutverki: Annars vegar að sjá til þess að tappól fjármálafyrirtækja sé fullnægjandi og hins vegar að hægt sé að endurfjármagna þau. Fjármagn skal nægja til að bregðast við tapi fyrirtækis og tryggja að það hafi til staðar, eftir beitingu viðeigandi skilauurræða, nægt eigið fé til að geta viðhaldið starfsleyfi.

3.1 Tengsl MREL við mat á skilabærni og skilaaætlanir fjármálafyrirtækja

Skilavaldið ákveður MREL-kröfur fyrir hvert og eitt fyrirtæki og skal ákvörðun meðal annars tekin með hliðsjón af því að kröfur styðji við skilaaðgerðir fyrirtækis, í samræmi við skilaaætlun. Þótt MREL aðferðafræðin sé samræmd innan Evrópu á grundvelli MREL-reglugerðarinnar eru ákvarðanir ávallt teknar fyrir hvern banka fyrir sig, á grundvelli starfsemi og eignasafns hvers fyrirtækis. Með hliðsjón af skilaaætlun fyrirtækis, þ.m.t. þeirri skilastefnu sem verður fyrir valinu, tekur skilavaldið ákvörðun um MREL-kröfur fyrirtækis.

MREL-kröfur eru ákveðnar með hliðsjón af æskilegustu skilameðferð fyrir hvert fyrirtæki. Æskilegasta skilameðferð er valin við mat á skilabærni (e. Resolvability) fjármálafyrirtækja og ákvörðun um hana tekin við samþykkt skilaaætlunar. Æskilegasta skilameðferð er einkum metin út frá hvaða nauðsynlegu starfsemi (e. Critical Functions) ætlunin er að verja hjá viðkomandi aðilum, ásamt mati á því hvort umrædd starfsemi sé útskiptanleg (e. Substitutability), þ.e. geti verið sinnt af öðru fjármálafyrirtæki.

Fyrir utan eftirgjöf er mögulegt að beita öðrum skilauurræðum, t.a.m. sölu eigna, ýmist að hluta eða að öllu leyti hjá fyrirtæki á fallanda fæti. Sé fyrirtæki hæft til að fara beint í slitameðferð á grundvelli mats á skilabærni, eða ef tekin er ákvörðun um að styðjast að engu leyti við eftirgjöf sem æskilegasta skilauurræði samkvæmt skilaaætlun, hefur það í för með sér að MREL-kröfur verði engar umfram eiginfjárkröfur viðkomandi fyrirtækis. Þau fjármálafyrirtæki sem ekki uppfylla skilyrði skilameðferðar, til að mynda skilyrðið um að skilameðferð teljist nauðsynleg vegna almannahagsmuna, fara í hefðbundna slitameðferð í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki og verður þeim einungis gert að uppfylla almennar eiginfjárkröfur, þ.e. heildarkröfu um eiginfjárgrunn.

3.2 Almennt um aðferðafræði vegna MREL

Liggi fyrir ákvörðun um að æskilegasta skilameðferð feli í sér beitingu eftirgjafar, þ.e. að færa niður fjármagnsgerninga eða breyta þeim, hjá fyrirtæki á fallanda fæti, ætti að vera tiltölulega skýrt hverjar MREL-kröfur þess fyrirtækis verða.

Meginreglan við útreikning á umræddum kröfum, án tillits til beitingar annarra skilauurræða, er að MREL-kröfur nemi að minnsta kosti tvöfaldri lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn (tvöföldun á Stoð I og Stoð II). MREL-kröfur geta jafnframt numið allt að tvöföldum kröfum um eiginfjárauka.⁹ Útfærslur aðildarríkja innan EES á því hverjar MREL-kröfur eru í hverju ríki fyrir sig hafa hins vegar verið ólíkar.¹⁰ Tvöfalda krafan um eiginfjárauka tekur mið af frádragi sem er mishátt milli ríkja en vegna skilyrða sem MREL-reglugerðin setur með tilliti til viðbótarfjárhæðar til að viðhalda trausti markaðar (MCC)

8 MREL-kröfur gilda um evrópska banka og byggja á aðlögunum á TLAC stöðlunum frá Alþjóðlega fjármálastöðugleikaráðinu (e. Financial Stability Board – FSB). Nánari upplýsingar um TLAC og lágmarkskröfur varðandi tappól alþjóðlegra banka má nálgast á [vefsíðu ráðsins](#).

9 Samkvæmt fyrirkomulaginu í MREL-reglugerðinni er umrædd meginregla nokkuð skýr. Hún tekur á sig aðra mynd í BRRD II. Samkvæmt BRRD II er eigið fé sem skylt er að halda vegna eiginfjárauka ekki tekið með við útreikning á MREL-hlutfallinu – almenna krafan um eiginfjárauka er tekin út fyrir sviga, en stuðst við gildi hennar til að reikna út viðbótarfjárhæð til að viðhalda trausti markaðar (MCC).

10 Í þessu sambandi má meðal annars benda á að undir BRRD I regluverkinu höfðu Danmörk, Noregur og Svíþjóð hvert fyrir sig sína útfærslu á reiknireglum til að skilgreina MREL. Útgangspunktur ríkjanna var grunnregla um að MREL-kröfur séu hér um bil tvöföldun á heildarkröfu um eiginfjárgrunn (þ.e. 2 x Stoð I krafa, 2 x Stoð II krafa og 2 x eiginfjáraukar).

getur frádragið ekki orðið svo hátt að það rýri traust á markaði, eða hafi neikvæð áhrif á fjármögnun fjármála-fyrirtækis eða nauðsynlega starfsemi þess. Frádragið var 1,25% hjá Evrópsku skilavaldsstofnuninni SRB (Single Resolution Board) þegar BRRD I gildi en hefur eftir gildistöku BRRD II breyst í að hlutfall sveiflujöfnunarauka er tekið út úr samanlagðri kröfu um eiginfjáruka.

Annað hefur breyst varðandi tvöföldu kröfuna um eiginfjáruka á undanförunum árum. Í BRRD I er meginreglan sú að eiginfjárukar eru hluti af fjárhæð tappols (LAA), en heimilt er að hækka eða lækka þá fjárhæð, sbr. umfjöllun í kafla 2.2 hér að framan. Í BRRD II er meginreglan hins vegar sú að samanlögð krafa um eiginfjáruka stendur utan við MREL, þ.e. er tekin út fyrir sviga, og reiknast ekki sem hluti af MREL-kröfum heldur er hún sjálfstæð krafa. Samanlagða krafan um eiginfjáruka kemur því í raun ofan á MREL í BRRD II svo hægt sé að nýta eða ganga á hana. Hins vegar er gildi samanlögðu kröfunnar um eiginfjáruka útgangspunktur varðandi gildi á viðbótarfjárhæð til að viðhalda trausti markaðar (MCC), og getur því orðið hluti af fjárhæð endurfjármögnunar (RCA). Því má almennt segja að MREL-kröfur, hvort heldur sem er í BRRD I eða BRRD II, eru háðar því hver er annars vegar lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn, og hversu háir eiginfjárukar eru á hverjum tíma. Heildarkrafan um eiginfjárgrunn fjármálafyrirtækis ræður því mestu um endanlegar MREL-kröfur.

3.3 Fjárhæð tappols (LAA)

MREL-reglugerðin gerir ráð fyrir að grunnviðmið við útreikning á tappoli skuli reiknast sem samtala þessara liða:

1. Grunnkrafa um eiginfjárgrunn (Stoð I), sbr. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki,
2. viðbótarkrafa fjármálaeftirlits um eiginfjárgrunn (Stoð II), sbr. 4. mgr. 86. gr. g laga um fjármálafyrirtæki, og
3. samanlögð krafa um eiginfjáruka, skv. X. kafla laga um fjármálafyrirtæki.

Þó getur tappol miðast við viðeigandi kröfur um vogunarhlutfall reynist þær hærri en samtala 1-3 að framan, sbr. 4. mgr. 1. gr. MREL-reglugerðarinnar. Líkt og ráða má af liðunum í samtölu fyrir fjárhæð tappols er þessum hluta MREL almennt séð ekki ætlað að taka yfir eða hafa áhrif á eiginfjárkröfur fjármálafyrirtækja. Framangreindir liðir munu einnig liggja til grundvallar mati á fjárhæð tappols eftir innleiðingu BRRD II með tveimur undantekningum. Fyrri undantekningin er að samanlagða krafan um eiginfjáruka er tekin út úr mati á fjárhæð tappols, og er sjálfstæð eiginfjárukrafa sem í raun

liggur ofan á MREL. Þetta er gert til að tryggja tappol með því að hægt sé að ganga á eiginfjárukana til að mæta tapi, í stað þess að eiginfjárukarnir séu „læstir inni“ í MREL-kröfunum. Fjármálafyrirtæki munu því ávallt þurfa að uppfylla samanlögðu kröfuna um eiginfjáruka, en hún verður ekki hluti af MREL-kröfum. Hin undantekningin er að fjárhæð tappols mun eftir BRRD II að lágmarki samanstanda af tveimur sjálfstæðum þáttum, annars vegar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn (Stoð I og Stoð II-R) og hins vegar lágmarkskröfu vogunarhlutfalls sem báðar þarf að uppfylla. Þá getur komið til þess, eftir innleiðingu BRRD II, að eiginfjáralag (þ.e. Stoð II-G (e. Pillar II Guidance)) hækki fjárhæð tappols, enda sé eiginfjáralagið herra en heildarkrafa um eiginfjárgrunn.

3.4 Fjárhæð endurfjármögnunar (RCA) og viðbótarfjárhæð til að viðhalda markaðstrausti (MCC)

Ráða má af 2. gr. MREL-reglugerðarinnar að fjárhæð endurfjármögnunar þarf að geta stutt við æskilegustu skilameðferð samkvæmt skilaáætlun hvers fjármálafyrirtækis. Fjárhæðin tekur því mið af því hvaða skilaúrræði gert er ráð fyrir að beita við æskilegustu skilameðferð. Fjárhæð endurfjármögnunar getur verið 0 ef mat á skilabærni fyrirtækis bendir til að bæði sé raunhæft og hagkvæmt að fyrirtækið fari í hefðbundna slitameðferð, þ.e. ef ekki er gert ráð fyrir skilameðferð fyrir viðkomandi fyrirtæki. Fyrir slík fyrirtæki verður MREL jafnt og fjárhæð tappols. Fyrir fjármálafyrirtæki sem fara í skilameðferð mun fjárhæð endurfjármögnunar samanstanda af tveimur þáttum:

1. Fjárhæðinni sem er nauðsynleg, eftir framkvæmd æskilegustu skilameðferðar, til að fyrirtækið uppfylli lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og viðeigandi kröfur um vogunarhlutfall, en engar kröfur um eiginfjáruka, og
2. viðbótarfjárhæð sem skilavaldið telur nægja til að viðhalda markaðstrausti eftir skilameðferð. Þessi fjárhæð skal vera jafn há og samanlögð krafa um eiginfjáruka sem gilda munu eftir skilameðferð. Viðbótarfjárhæðin getur hins vegar verið lægri en samanlagða krafan (þó ekki lægra gildi en núll) ef skilavaldið telur það nægjanlegt til að viðhalda markaðstrausti, tryggja nauðsynlega starfsemi og fjármögnun fyrirtækisins.

Framangreindir þættir munu einnig liggja til grundvallar mati á fjárhæð endurfjármögnunar eftir innleiðingu BRRD II með undantekningu. Fjárhæð endurfjármögnunar mun eftir BRRD II að lágmarki samanstanda af tveimur

sjálfstæðum þáttum, annars vegar lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn (Stoð I og Stoð II-R) og hins vegar lágmarkskröfu vogunarhlutfalls sem uppfylla þarf samhliða hvor annarri, og til viðbótar við sömu kröfur samkvæmt fjárhæð tappols (LAA). Þá getur komið til þess, eftir innleiðingu BRRD II, að eiginfjáralag (þ.e. Stoð II-G (e. Pillar II Guidance)) hækki fjárhæð endurfjármögnunar, enda sé eiginfjáralagið hærra en heildarkrafa um eiginfjárgrunn.

Viðbótarfjárhæðin til að viðhalda markaðstrausti (MCC) er sá þáttur í MREL sem hefur, a.m.k. samkvæmt BRRD I regluverkinu, verið hvað breytilegastur. Þetta er matskenndur þáttur sem skilastjórnvöld hafa getað mótað út frá tilteknum meginreglum samkvæmt MREL-reglugerðinni. Þannig má nefna að í Danmörku hefur MCC numið samanlagðri kröfu um eiginfjárauka án nokkurs frádrags, á meðan SRB, Noregur og Svíþjóð hafa beitt frádragi. Aðferðafræði SRB á grundvelli BRRD I gerði ráð fyrir að MCC væri samanlögð krafa um eiginfjárauka að frádragnu 1,25% af áhættugrunni.¹¹ Í Noregi var samsvarandi frádrag gildi sveiflujöfnunarauka á hverjum tíma.¹² Í Svíþjóð töldu eiginfjárauka ekki í MCC hluta RCA, en á móti kom að sænskum bönkum var óheimilt að nota óráðstafað eigið fé til að uppfylla MREL-kröfur.¹³ Í Bretlandi var tekin ákvörðun um að beita ekki MCC.¹⁴

Eftir gildistöku BRRD II hefur MCC verið staðlað að nokkru leyti innan EES. Almenna reglan er að MCC er jafnt og samanlögð krafa um eiginfjárauka að frádragnu gildi sveiflujöfnunarauka á hverjum tíma. Skilastjórnvöldum er þó enn heimilt að aðlaga þá fjárhæð til hækunar eða lækkunar, svo framarlega sem tryggt sé að MCC: i) viðhaldi trausti á markaði, ii) geti séð til þess að nauðsynleg starfsemi fjármálafyrirtækja sé viðhaldið og iii) að fjármögnun fyrirtækisins til skemmri tíma sé trygg, þ.e. þar til aðgengi að markaðsfjármögnun opnast aftur (12 mánuðir).

3.5 Önnur viðmið vegna MREL

Skilavald Seðlabanka Íslands getur lækkað MREL með hliðsjón af þeirri fjárhæð sem TIF gæti lagt fram til að fjármagna skilameðferð, miðað við æskilegustu skilameðferð. Fjárhæðina skal reikna með hliðsjón af þeim reglum sem gilda um takmarkanir á greiðslum úr tryggingarsjóðum vegna innstæðna samkvæmt

BRRD, sbr. 82. gr. sml., sbr. einnig 6. gr. MREL-reglugerðarinnar.

Skilavaldinu er einnig ætlað að tryggja að MREL sé nægjanlegt með hliðsjón af því að tilteknar skuldbindingar gætu verið undanþegar eftirgjöf, á grundvelli 2. mgr. 56. gr. sml., eða þeim verið ráðstafað með beitingu annarra skilauurræða (sala eigna), sbr. 3. gr. MREL-reglugerðarinnar. Matið á hvort MREL sé nægjanlegt er annars vegar framkvæmt með hliðsjón af því hvort umræddar skuldbindingar uppfylli skilyrði 2. mgr. 56. gr. sml. og geti þannig ekki stutt við tappol og endurfjármögnun fjármálafyrirtækisins og hins vegar með því að leggja mat á hvort það að undanskilja eða flytja skuldbindingarnar, burtséð frá því hvort þær geti talist til MREL, geti haft í för með sér að NCWO reglan (e. No Creditor Worse Off) verði brotin. NCWO reglan felur í sér að skilameðferð fjármálafyrirtækis getur ekki haft í för með sér að lánardrottinn/kröfuhafi verði í lakari stöðu vegna beitingar skilauurræðis samanborið við að fyrirtækið hefði farið í hefðbundið slitaferli. Þá mun skilavald Seðlabankans, sbr. 5. gr. MREL-reglugerðarinnar, við ákvörðun MREL fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki hafa hliðsjón af 56.-57. gr. sml. í heild, þar með talið varðandi fjármögnun úr skilasjóði vegna þess að skuldbindingar eru undanskildar eftirgjöf.

Skilavaldi Seðlabanka Íslands er ætlað að sjá til að MREL fjármálafyrirtækja sé á hverjum tíma nægjanlegt til að hægt sé að beita eftirgjöf og setja upp áætlun til að uppfæra MREL-kröfur fyrirtækja með reglubundnum hætti. Almenna reglan er að við töku ákvörðunar um MREL skulu kröfurnar nægja til að unnt sé að framkvæma æskilegustu skilameðferð. Hins vegar er skilavaldinu heimilt að veita fyrirtæki aðlögunarfrest til að uppfylla MREL-kröfur, sbr. 7. og 8. gr. MREL-reglugerðarinnar. Sá frestur á að vera eins skammur og auðið er. Sé heimildinni beitt mun skilavaldið kynna fyrir viðkomandi fyrirtæki hvert áætlað gildi MREL á að vera þegar fresturinn er liðinn, þ.m.t. hvaða gildi eigi að uppfylla innan tólf mánaða frá MREL ákvörðun.¹⁵

11 Frekari upplýsingar um aðferðafræði SRB samkvæmt BRRD I má [finna hér](#). Upplýsingar um aðferðafræði SRB samkvæmt BRRD II eru [aðgengilegar hér](#).

12 Frekari upplýsingar um aðferðafræði Finanstilsynet í Noregi má [finna hér](#).

13 Aðferðafræði Riksgälden í Svíþjóð breyttist á árinu 2021 en útfærslan samkvæmt BRRD I fól í sér að MCC var ekki beitt, þ.e. taldi ekki inn í RCA. Upplýsingar um aðferðafræði Riksgälden í Svíþjóð samkvæmt BRRD II má [finna hér](#).

14 Frekari upplýsingar um aðferðafræði Bank of England vegna MREL má [finna hér](#).

15 Reglur um aðlögunarfresti breytast nokkuð með BRRD II, þ.e. með þeim hætti að tiltekin lokadagsetning til að uppfylla MREL mun gilda fyrir fjármálafyrirtæki innan EES. Sjá nánar í köflum 5.5 og 6.2.

IV Hæfar skuldbindingar

MREL felur í sér kröfur varðandi fjárhæð eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga. Þetta er nauðsynlegt skilyrði til að stofnun geti talist skilabær, en tryggir ekki skilabærni. Til þess þarf að tryggja að eiginfjárgrunnur og skuldbindingar séu þeim eiginleikum gædd að geta nýst við tappól og endurfjármögnun í samræmi við æskilegustu skilastefnu sem skilavald hefur valið. Vegna þessa felst í MREL-kröfum skilyrði sem fjármálafyrirtæki þurfa að uppfylla m.t.t. skuldbindinga, þannig að þær teljist bæði hæfar og fullgildar. Í þessum hluta MREL-stefnu skilavalds Seðlabanka Íslands er fjallað um muninn á skilyrðum þess að skuldbindingar teljist hæfar (e. Eligible Liabilities) og fullgildar, hæfar skuldbindingar (e. Qualified Eligible Liabilities). Þá er fjallað um afstöðu skilavaldsins til álitamála tengdum hæfum skuldbindingum, einkum varðandi undirskipan (e. Subordination) og möguleika á að nýta ótryggð skuldabréf (e. Senior Preferred) til að uppfylla MREL kröfur, fyrir og eftir gildistöku BRRD II hér á landi.

4.1 Skilgreiningar og undanskildar skuldbindingar

Hugtakið „hæf skuldbinding“ er skilgreint í viðum skilningi í 18. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020. Til þess að skuldbindingar teljist hæfar skuldbindingar þurfa þær að uppfylla tvö megin skilyrði:

1. Teljast til fjármagnsgerninga sem ekki falla undir eiginfjárliði eiginfjárgrunns samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og
2. að þær séu ekki undanþegar eftirgjöf eða að skilavaldið hafi ekki sérstaklega undanþegið þær frá eftirgjöf í samræmi við 2. mgr. 56. gr. sml.

Til þess að hæfar skuldbindingar teljist fullgildar, hæfar skuldbindingar og geti þannig talist til MREL þurfa þær aukinheldur að uppfylla eftirfarandi sex skilyrði, sbr. 17. gr. sml.

1. Gerningurinn skal vera útgefinn og innborgaður að fullu.
2. Skuldbindingin skal hvorki vera gagnvart fyrirtækinu né skal það hafa tryggt eða ábyrgt hana.
3. Kaup gerningsins mega ekki hafa verið fjármögnuð beint eða óbeint af fyrirtækinu.
4. Eftirstöðvatími skuldbindingarinnar skal vera a.m.k. eitt ár. Eftirstöðvatími skuldbindingar, sem felur í sér rétt til að krefjast endurgreiðslu áður en samningstími er liðinn, skal miðast við þann dag sem slíkur réttur verður fyrst virkur.
5. Skuldbindingin má ekki vera vegna afleiðu.
6. Skuldbindingin má ekki vera vegna innstæðu sem nýtur forgangs í réttindaröð skv. a- eða b-lið 1. tölul. 1. mgr. 85. gr. a sml.

Framangreind skilyrði varðandi hæfar skuldbindingar byggja á BRRD I. Eftir gildistöku BRRD II og CRR II hér á landi breytist skilgreiningin á hæfum skuldbindingum lítið. Hugtakið „eftirgefanlegar skuldbindingar“, er skilgreint í BRRD II, en það kemur hvorki fram né er skilgreint í BRRD I þótt ljóst sé að þar undir teljast skuldbindingar sem ekki eru undanskildar á grundvelli 44. gr. tilskipunarinnar. Eftir gildistöku CRR II breytast skilyrðin til að skuldbindingar teljist fullgildar og hæfar hins vegar verulega, þau verða mun ítarlegri og fleiri. Þannig þarf að uppfylla öll skilyrði sem tíunduð eru í 72. gr. b í CRR II, alls 14 skilyrði í stafliðum a-n, til að skuldbindingar teljist hæfar. Þá eru fleiri skuldbindingar undanskildar MREL, sbr. 72. gr. a í CRR II, samanborið við þær skuldbindingar sem eru undanskildar á grundvelli 45. gr. BRRD I.

Skuldbindingar sem eru undanskildar beitingu eftirgjafar eru taldar upp í 1. mgr. 56. gr. sml. Óheimilt er að beita eftirgjöf gagnvart eftirtöldum skuldbindingum:

1. Tryggðum innstæðum, sbr. lög um innstæðu-tryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.
2. Tryggðum skuldbindingum, þ.m.t. sértryggðum skuldabréfum, sbr. lög um sértryggð skuldabréf, og fjármálagerninga sem ætlaðir eru til áhættuvarna og teljast hluti tryggingasafns og njóta sambærilegrar verndar að lögum og sértryggð skuldabréf.
3. Skuldbindingum vegna eigna sem fyrirtæki eða eining heldur utan um fyrir hönd viðskiptavina sinna, þ.m.t. eigna verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða, sbr. lög um verðbréfasjóði og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, og njóta verndar skv. 109. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.
4. Skuldbindingum vegna fjárvörslusambands milli fyrirtækis eða einingar og réttthafa enda njóti slíkur

rétthafi verndar skv. 109. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eða öðrum lögum.

5. Skuldbindingum gagnvart fyrirtækjum, öðrum en þeim sem eru innan sömu samstæðu, sem falla til greiðslu innan sjö daga.
6. Skuldbindingum sem gjaldfalla innan sjö daga gagnvart greiðslu- og verðbréfauppgjörskerfum, sbr. lög um öryggi fyrirmæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum, eða þátttakendum í slíkum kerfum sem stafa af þátttöku þeirra í kerfunum.
7. Skuldbindingum gagnvart starfsmönnum, þ.m.t. ógreiddum áunnum launum, iðgjaldi í lífeyrissjóð, áunnu orlofi og öðrum starfskjörum, en þó ekki kaupaukum nema þeir séu ákveðnir með almennum kjarasamningum.
8. Viðskiptaskuldum vegna kaupa á vöru og þjónustu sem nauðsynleg er til daglegrar starfsemi fyrirtækisins eða einingarinnar.
9. Skuldum við skattfyrirvöld og almannatryggingar ef þær njóta forgangs við gjaldþrotaskipti.
10. Ógreiddum iðgjöldum til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta, sbr. lög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Þá getur skilavald Seðlabanka Íslands undanskilið aðrar skuldbindingar en taldar eru upp í ákvæðinu á grundvelli 2. mgr. 56. gr. sml., t.a.m. ef ekki er unnt að beita eftirgjöf gagnvart skuldbindingu innan hæfilegra tímamarka. Við slíka ákvörðun styðst skilavaldið við viðmið samkvæmt [framseldri reglugerð \(ESB\) 2016/860](#), sbr. [reglugerð um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja](#), nr. 95/2021.

4.2 Undirskipan (e. Subordination)

Gildistaka BRRD II hér á landi mun hafa í för með sér að ákveðinn hluti af hæfum skuldbindingum verður að vera undirskipaður (e. Subordinated), þ.e. koma á eftir þeim skuldbindingum sem eru undanþegnar MREL og eftirgjöf. Vert er að taka fram að núverandi lagarammi veitir svigrúm varðandi það hversu stór hluti af skuldbindingum er undirskipaður, en hann verður skýrari, jafnvel þrengri, eftir BRRD II. Skyldurnar um undirskipan samkvæmt BRRD II eru ólíkar eftir tegundum og stærð fjármálafyrirtækja. Reglan sem líklega mun eiga við fyrirtæki hér á landi er að undirskipan vegna eiginfjárgrunnns og skuldbindinga eigi í heild að nema að lágmarki 13,5% í hlutfalli af áhættugrunni ásamt samanlagðri kröfu um eiginfjáruka.

Með setningu laga nr. 38/2021, varðandi forgangsröð krafna við skila- og slitameðferð, varð ljóst

að innstæður njóta forgangs umfram almenn, ótryggð skuldabréf (þ.e. senior preferred (eða senior unsecured) bréf, hér eftir nefnd „SP-bréf“) við fall fjármálafyrirtækja. Með lögnum var tilskipun (ESB) 2017/2399 innleidd í lög hér á landi. Lögin og tilskipunin mæla fyrir um staðsetningu sk. SNP-skuldabréfa (e. senior non-preferred) í kröfuröð við skila- eða slitameðferð fjármálafyrirtækja og skilyrði fyrir útgáfu þeirra. SNP-skuldabréf þurfa að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- Að upphaflegur samningsbundinn lánstími sé a.m.k. lengri en eitt ár,
- að umræddir gerningar séu ekki afleiður hafi ekki að geyma innbyggðar afleiður, og
- að forgangsröð þeirra í kröfuröð sé tilgreind í samningsskilmálum og í útboðs- og skráningarlýsingu vegna útgáfunnar, ef við á.

Í ljósi kröfuraðar samkvæmt lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, geta SP-bréf uppfyllt kröfu um undirskipan að því gefnu að eftirgjöf þeirra brjóti ekki NCWO regluna í BRRD I. Með öðrum orðum telja SP-bréf ekki til þess hluta MREL-krafna sem fela í sér undirskipan samkvæmt BRRD II, en þau geta talist til MREL. Staðsetning innstæðna í kröfuröð í íslenskum lögum gerir að verkum að það telst raunhæft að nýta SP-bréf í MREL-kröfur hér á landi. Almennt séð er fjárhæð skuldbindinga sem eru jafnstæðar (e. Pari Passu) SP-bréfum í kröfuröð ekki há meðal íslenskra fjármálafyrirtækja. Sé fjárhæð skuldbindinga sem eru jafnstæðar SP-bréfum lægri en 5% af eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum, er mögulegt að fyrirtæki hér á landi geti nýtt SP-bréf í MREL. Sjá nánar í kafla 5.4.

V MREL-kröfur Seðlabanka Íslands

Líkt og ráða má af köflum 2-4 er skilastjórnvöldum innan EES veitt nokkurt svigrúm til að ákvarða MREL-kröfur. Samandregið má til einföldunar tilgreina að svigrúmið vegna MREL-felist í eftirfarandi atriðum:

- Ákvörðunum um beitingu skilaúrræða, einkum hvort eftirgjöf sé æskilegasta skilaúrræði.
- Áhættusnið, fjármögnunarlíkan og viðskiptalíkan hvers fyrirtækis.
- Fjárhæðir tappols og endurfjármögnunar (þar með talið MCC) og samspil þeirra við gildi eiginfjáruka og fjárhæð viðbótarkröfu fjármálaeftirlits SÍ (Stoð II).
- Undirskipan og hvaða skuldbindingar geta talist til MREL.
- Tímafrestir til að uppfylla MREL-kröfur.

Í þessum hluta MREL-stefnunnar er ætlunin að fjalla um afstöðu Seðlabankans til framangreindra atriða, svo að fjármálfyrirtækjum verði eins ljóst og getur orðið hvaða kröfur verða gerðar til þeirra við töku ákvarðana um MREL. Útgangspunkturinn við ákvörðun MREL er og verður að hlutfall þess sé nógu hátt til að tryggja að hægt verði að beita völdu skilaúrræði í samræmi við skilaáætlun hvers fyrirtækis.

5.1 Beiting skilaúrræða og flokkun fyrirtækja með hliðsjón af MREL

Skilavald Seðlabanka Íslands telur að eftirgjöf sé almennt það skilaúrræði sem líklegast er að verði beitt við skilameðferð fyrirtækja hér á landi. Beiting eftirgjafar þjónar almennt markmiðum skilameðferðar, samkvæmt lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, betur en önnur skilaúrræði, þ.e. úrræði sem fela í sér að eignum eða rekstri fyrirtækja er ráðstafað í heild eða að hluta, með þátttöku eignaumsýslufélags eða með stofnun brúarbanka við skilameðferð. Eftirgjöf getur tryggt endurfjármögnun fyrirtækis á fallanda fæti með skilvirkum og skjótvirkum hætti. Því er raunhæfast og líklegast, komi til þess að fyrirtæki hér á landi verði á fallanda fæti, að eftirgjöf verði beitt til að endurreisa fjárhag fyrirtækisins. Skilavaldið bendir þó á að skilaáætlanir fjármálfyrirtækja gera almennt ráð fyrir að til viðbótar við æskilegustu skilameðferð fyrirtækja, er í áætlunum gert ráð fyrir mismunandi útgáfum af skilameðferð, þar með talið að öðrum skilaúrræðum sé beitt við ólíkar sviðsmyndir.


Aðferðafræði skilavalds Seðlabanka Íslands við beitingu eftirgjafar felur í sér að fjármálfyrirtækjum verður almennt skipað í þrjá flokka:

- **Flokkur 1** – Í þessum flokki verða fyrirtæki þar sem viðskiptalíkan, starfsemi, áhættusnið og fjármögnunarlíkan gera ráð fyrir að æskilegasta skilameðferð verði beiting hreinnar eftirgjafar. MREL-kröfur þessara fyrirtækja miðast almennt við að einungis verði stuðst við eftirgjöf við skilameðferð
- **Flokkur 2** – Í þessum flokki verða fyrirtæki þar sem til greina kemur að beita blandaðri skilameð-

ferð. Í því felst að raunhæft og hagkvæmt geti talist miðað við markmið laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja að selja rekstur eða ráðstafa eignum viðkomandi fyrirtækis, að hluta til eða að öllu leyti, samhliða því að beita eftirgjöf. Eitt af megin skilyrðum fyrir þessari flokkun er að einungis hluti af starfsemi bankans, þ.e. sá hluti þar sem fram fer nauðsynleg starfsemi, verði endurfjármagnaður en önnur starfsemi seld. MREL-kröfur þessara fyrirtækja verða almennt séð lægri en hjá fyrirtækjum í flokki 1.

- **Flokkur 3** – Í þessum flokki verða fyrirtæki sem ekki uppfylla skilyrði um að fara í skilameðferð, þ.e. vegna þess að skilameðferð tryggir ekki að markmiðum laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja verði náð betur en með hefðbundinni slitameðferð eða vegna þess að skilameðferð telst ekki nauðsynleg vegna almanna-hagsmuna (e. Public Interest Assessment – PIA). Fjárhæð endurfjármögnunar verður núll fyrir þessi fyrirtæki og MREL-kröfur því engar til viðbótar við almennar eiginfjárkröfur fyrirtækja.

Framangreind aðferðafræði tekur mið af framkvæmd og stefnumörkun í nálægum ríkjum, einkum á Norðurlöndunum og í Bretlandi. Gera má ráð fyrir að fyrirtæki sem uppfylla viðmið um að mega skila einföldum endurbótaáætlunum, og sem gerðar verða einfaldar skilaáætlanir fyrir, verði í flokki 3 að framan. Varðandi önnur fyrirtæki ræður viðskiptalíkan, starfsemi, áhættusnið og fjármögnunarlíkan hverju sinni hvort viðkomandi



Skýringarmynd 1. MREL-kröfum er m.a. ætlað að tryggja að ávallt sé til staðar nægt fjármagn hjá fjármálfyrirtækjum til að endurfjármagna þau, ef þau verða á fallanda fæti. Myndin útskýrir sambandið milli MREL-krafna og beitingar eftirgjafar.

fyrirtæki verði í flokki 1 eða flokki 2, að því gefnu að í fyrirtæki fari fram nauðsynleg starfsemi og/eða að nauðsynlegt kunni að verða að grípa til skilaaðgerða sbr. 1. mgr. 35. gr. sml.

MREL-stefna skilavalds Seðlabanka Íslands og MREL-kröfur sem gerðar verða til fjármálfyrirtækja hér á landi miða við að skilameðferð muni að óbreyttu fela í sér einvíða skilaaðgerð (e. Single Point of Entry – SPE), en ekki margvíða skilaaðgerð (e. Multiple Point of Entry – MPE). Í því felst að ákvörðun um beitingu skilaúrræða á samstæðustigi mun eingöngu verða tekin af skilavaldinu hér á landi, án aðkomu annarra skilastjórnvalda innan EES. Starfsemi og uppbygging íslenskra fjármálfyrirtækja er að óbreyttu með þeim hætti að skilavald Seðlabankans mun eitt semja skilaáætlun og taka ákvarðanir um beitingu skilaúrræða fyrir íslensk fjármálfyrirtæki en ekki skilaráð (e. Resolution Colleges). Verði breytingar á uppbyggingu og rekstrarumhverfi lánastofnana með tilliti til þessa verður MREL-stefna Seðlabankans endurskoðuð til að taka á nýjum álitamálum sem upp geta komið.

5.2 Afstaða varðandi fjárhæðir tappols (LAA) og endurfjármögnunar (RCA)

5.2.1. Fjárhæð tappols (LAA)

Fjárhæð tappols samsvarar heildarkröfu um eiginfjárgrunn. Skilavaldi Seðlabanka Íslands er heimilt að hækka

eða lækka staðalfjárhæð tappols, sbr. 5. mgr. 1. gr. MREL-reglugerðarinnar. Afstaða skilavaldsins er sú að hafa ekki áhrif á grunnþætti staðalfjárhæðarinnar, þ.e. lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn (Stoð I og Stoð II-R). Sú afstaða samræmist framkvæmd í helstu samamburðarríkjum, þ.m.t. framkvæmd sem var við lýði á Norðurlöndum og hjá SRB samkvæmt MREL aðferðafræði BRRD I. Vert er að geta þess að heimildir skilavalds til að aðlaga staðalfjárhæð tappols munu breytast eftir BRRD II og verður fjárhæðin þá ávallt jöfn lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn.

Skilavaldið telur hins vegar eðlilegt að lækka staðalfjárhæð tappols, sbr. b-lið 5. mgr. 1. gr. MREL-reglugerðarinnar með tilliti til þess að ekki á að telja samanlagða kröfu um eiginfjáruka með í MREL hér á landi. Þessi nálgun byggir á framkvæmd sem var í Svíþjóð með tilliti til MREL aðferðafræði samkvæmt BRRD I. Fjármálfyrirtækjum hér á landi ber eftir sem áður að uppfylla samanlagða kröfu um eiginfjáruka og verður ekki heimilt að telja til MREL almennt eigið fé þáttar 1 (CET 1) sem notað er vegna samanlögðu kröfunnar um eiginfjáruka. Með þessari nálgun er svigrúmið sem felst í gildandi ramma um MREL aðferðafræði samkvæmt BRRD I notað til að undirbúa innleiðingu MREL aðferðafræði samkvæmt BRRD II. Þessi nálgun tryggir jafnframt að eigið fé sem byggja á upp vegna eiginfjáruka er ekki „læst inni“ í MREL, heldur er hægt

að nýta það til að mæta tapi, sbr. umfjöllun í kafla 3.3. hér að framan. Skilavald Seðlabankans hyggst því reikna fjárhæð tappols og þar með MREL-kröfur í heild án gildandi samanlagðrar kröfu um eiginfjáruka. Fjármálafyrirtækjum verða birtar MREL-kröfur án samanlagðrar kröfu um eiginfjáruka og þurfa að huga að því að uppfylla kröfuna samhliða MREL-kröfum.

5.2.2. Fjárhæð endurfjármögnunar (RCA)

Fjárhæð endurfjármögnunar byggist á eiginfjárbörf fyrirtækis eftir beitingu æskilegustu skilameðferðar. Fjárhæð endurfjármögnunar (RCA) er í grunninn lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn (Stoð I og Stoð II-R). Við þá fjárhæð getur bæst viðbótarfjárhæð til að viðhalda markaðstrausti (MCC), sem jafngildir samanlagðri kröfu um eiginfjáruka. Skilavaldi Seðlabanka Íslands er heimilt að lækka fjárhæð endurfjármögnunar, þ.e. bæði grunnhlutann og samanlagða kröfu vegna eiginfjáruka sbr. 8. og 9. mgr. 2. gr. MREL-reglugerðarinnar. Afstaða skilavaldsins er sú að hafa ekki áhrif á grunnhluta fjárhæðarinnar, þ.e. lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn. Fjallað er sérstaklega um afstöðu skilavaldsins vegna viðbótarfjárhæðar vegna markaðstrausts (MCC) í kafla 5.3. Vert er að geta þess að heimildir skilavalds til að aðlaga grunnhluta fjárhæðar tappols munu breytast eftir BRRD II, þær verða sveigjanlegri og verður þá bæði hægt að hækka og lækka grunnhluta fjárhæðar endurfjármögnunar. Þar til BRRD II öðlast gildi hér á landi er ekki gert ráð fyrir að afstaða skilavaldsins varðandi grunnhlutann breytist, en skilavaldið mun endurmeta afstöðuna eftir gildistöku BRRD II.

Við ákvörðun MREL-krafna verður RCA hlutfallið ákvarðað miðað við síðustu gagnaskil varðandi áhættugrunn fyrirtækis. Skilavaldið mun hins vegar, þar sem það á við, aðlaga gildi áhættugrunns við útreikning á hlutfalli RCA, sbr. 9. mgr. 2. gr. MREL-reglugerðarinnar, til að taka mið af líklegri stöðu efnahagsreiknings fyrirtækis þegar það er á fallanda fæti. Við fall fyrirtækis er líklegt að aðgerðir, til að mynda virkjun endurbótavalkosta og aðrar aðgerðir á grundvelli endurbótaáætlana, hafi haft í för með sér að efnahagsreikningur fyrirtækis hafi minnkað. Þá er líklegt að útlánatöþ hafi haft áhrif á efnahagsreikning fjármálafyrirtækis, einkum þegar útlánaáhætta er ríkjandi áhættuþáttur í starfsemi fjármálafyrirtækja. Því meira sem útlánaáhætta vegur í eiginfjárkröfum fjármálafyrirtækis, því líklegri er að aðlögun á RCA verði beitt. Aðlögun á áhættugrunni takmarkast við fjárhæð sem nemur heildarkröfu um eiginfjárgrunn og ætti aldrei að vera hærri en 10% af heildareignum. Skilavaldið metur þessa aðlögun á RCA í hverju og einu tilviki.

Skilavald Seðlabankans mun ekki krefjast þess að fjárhæð endurfjármögnunar (RCA) sé mætt með tiltekn-

um skuldbindingum utan við almennt eigið fé þáttar 1 (CET1), eða aðra eiginfjárgrunnsgerninga, sem fjármálafyrirtæki hefur umfram heildarkröfu um eiginfjárgrunn. Fyrirtæki geta því nýtt CET1, eða aðra eiginfjárgrunnsgerninga, sem eru til staðar umfram lágmarkskröfur og eiginfjáruka, til að uppfylla kröfur vegna fjárhæðar endurfjármögnunar (RCA). Þessi afstaða skilavaldsins er í samræmi við stefnu flestra nágrannaríkja innan EES, fyrir utan Svíþjóð. Fjármálafyrirtæki verða hins vegar að huga að þörf fyrir útgáfu nýrra skuldbindinga eða gera aðrar ráðstafanir til að búa yfir nægum hæfum skuldbindingum til að uppfylla MREL, sérstaklega ef gengið er á CET1, eða aðra eiginfjárgrunnsgerninga, umfram framangreindar kröfur.

5.2.3. Aðrar aðlaganir á fjárhæðum tappols og endurfjármögnunar á grundvelli MREL-reglugerðarinnar

MREL-kröfur skilavaldsins munu taka mið af því að enn á eftir að samræma hugtök um hæfar og eftirgefanlegar skuldbindingar hér á landi við þær kröfur sem gilda vegna BRRD II. Þannig er ramminn utan um það hvaða skuldbindingar hægt er að gefa eftir eða telja til MREL hér á landi viðtækari, enn sem komið er, en hann verður í náinni framtíð. Í því samhengi má einkum nefna afleiður og skuldagerninga með innbyggðar afleiður. Aðlaganir vegna MREL byggðar á 3. gr. MREL-reglugerðarinnar, þ.e. hvort einhverjar ákveðnar skuldbindingar verði sérstaklega undanþegnar eftirgjöf, sbr. kafli 2.2 (bls. 6), verða framkvæmdar í því ljósi að enn á eftir að innleiða BRRD II hér á landi. Aðlaganir sem heimilt er að gera verða þannig reiknaðar með hliðsjón af kröfum samkvæmt BRRD II.

Skilavaldi Seðlabanka Íslands er heimilt að aðlaga MREL með hliðsjón af ætluðu framlagi frá TIF við skilameðferð fjármálafyrirtækis, sbr. 6. gr. MREL-reglugerðarinnar og kafla 3.5 (bls. 10). Afstaða skilavaldsins er að aðlaga ekki MREL með hliðsjón af umræddu ákvæði. Það helgast af stöðu tryggðra innstæðna í kröfuröð og hversu ósennilegt er að reyni á framlag frá TIF vegna skilameðferðar fjármálafyrirtækja. Það helgast einnig af því að slík aðlögun er heimil í BRRD I umhverfinu, en mun falla niður við innleiðingu BRRD II hér á landi.

5.3 Afstaða varðandi viðbótarfjárhæð til að viðhalda markaðstrausti (MCC)

Líkt og fram kemur í 7. mgr. 2. gr. MREL-reglugerðarinnar skal viðbótarfjárhæð til að viðhalda markaðstrausti (MCC) eftir skilameðferð vera hluti af fjárhæð endurfjármögnunar (RCA) telji skilastjórnvöld það nauðsynlegt. Sú fjár-

hæð er almennt jöfn eiginfjárukum, en getur verið lægri með hliðsjón af fjármögnun og áhættusniði viðkomandi fjármálafyrirtækis, sbr. 4. tölul. 3. mgr. 17. gr. sml, sbr. ennfremur 9. mgr. 2. gr. MREL-reglugerðarinnar.

Það er afstaða skilavalds Seðlabanka Íslands að ekki er að sinni þörf fyrir íslensk fjármálafyrirtæki að hafa viðbótarfjárhæð tiltæka til að viðhalda markaðs- trausti (MCC). Nú þegar eru gerðar ríkar eiginfjárkröfur til íslenskra fjármálafyrirtækja sem öll beita staðalaðferð við útreikning á áhættugrunni. Þetta leiðir meðal annars til þess að að vogunarhlutfall íslenskra fjármálafyrirtækja er hátt í samanburði við sambærilegar lánastofnanir erlendis, t.a.m. á Norðurlöndum. Miðað við núverandi fjármögnun og stöðu íslenskra lánastofnana þykir því ekki ástæða til að leggja á viðbótarfjárhæð til að viðhalda markaðstrausti (MCC).

MREL-stefnu skilavalds Seðlabanka Íslands mun þurfa að uppfæra við innleiðingu BRRD II hér á landi. Við þá uppfærslu verður framangreind afstaða skilavalds Seðlabanka Íslands til viðbótarfjárhæðar til að viðhalda markaðstrausti (MCC) endurmetin. Afstaðan verður jafnframt endurmetin telji skilavaldið þörf á því; til að mynda ef breytingar verða á eiginfjárkröfum eða fjármögnun íslenskra fjármálafyrirtækja, eða verulegar breytingar verða á viðskiptalíkani eða áhættusniði þeirra, til að mynda aukin starfsemi í öðrum ríkjum innan EES.

5.4 Afstaða varðandi undirskipan (e. Subordination) og hæfar skuldbindingar

MREL-kröfur fela almennt í sér annars vegar kröfur um tiltekið lágmarkshlutfall af eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum til að geta tryggt að valin skilaúrræði nái fram að ganga við skilameðferð og hins vegar ákveðin skilyrði varðandi hæfar skuldbindingar. Þessi hluti MREL-stefnu skilavaldsins fjallar um þær kröfur sem gerðar verða til hæfra skuldbindinga. Almennt má segja að þessar kröfur munu taka nokkrum breytingum í fyrirsjáanlegri framtíð þar sem innleiðing BRRD II stendur fyrir dyrum en er enn ekki lokið hér á landi. Til viðbótar við skilyrði sem fjallað er um í kafla 4 hér að framan telur skilavald Seðlabankans eðlilegt að leggja áherslu á kröfur sem eru væntanlegar, til að hindra að íslensk fjármálafyrirtæki sem þegar uppfylla væntanleg skilyrði samkvæmt BRRD II ráðist í breytingar á komandi árum sem hafa í för með sér að þau uppfylla ekki lengur væntanleg skilyrði. Mikilvæg, væntanleg skilyrði vegna hæfra skuldbindinga leiðir einkum af 72. gr. a og 72. gr. b CRR II reglugerðarinnar.

5.4.1. Undirskipan

Kröfur varðandi undirskipan (e. Subordination) vegna MREL, þ.e. að tiltekna skuldbindingar sem verða nýttar við eftirgjöf koma í kröfuröð á eftir skuldbindingum sem eru undanskildar MREL og eftirgjöf, voru ekki samræmdar í BRRD I. Samkvæmt núgildandi löggjöf er því skilavaldinu veitt svigrúm til að ákvarða kröfur um undirskipan með hliðsjón af stöðu hvers fyrirtækis. Eftir gildistöku BRRD II hér á landi munu fjármálafyrirtæki, sem fara í skilameðferð, þurfa að uppfylla tilgreindan hluta af MREL-kröfum með undirskipuðum gerningum, sbr. kafla 4.2 að framan, enda er markmiðið með slíkum kröfum að tryggja að beiting eftirgjafar við skilameðferð verði snurðulaus. Beiting eftirgjafar á skuldbindingar kann að leiða til málaferla við skilameðferð feli hún í sér misræmi milli stöðu lánardrottna/kröfuhafa með jafnstæðar kröfur (e. Pari Passu) varðandi skuldbindingar sem eru gefnar eftir. Því er nauðsynlegt að tryggja að NCWO-reglan (sjá kafla 3.5 og 4.2) sé virt við beitingu eftirgjafar. Kröfum um undirskipan er ætlað að takmarka þessa hættu. Með setningu laga nr. 38/2021, um breytingu á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, var kveðið með skýrum hætti á um kröfuröð við skila- og slitameðferð fjármálafyrirtækja hér á landi.

Kröfur um undirskipan samkvæmt BRRD II munu leiða til þess að fjármálafyrirtæki hér á landi munu þurfa að taka ákvörðun um hvort þau haldi í útgáfu SP-bréfa eða færi sig yfir í útgáfu SNP-bréfa (e. Senior Non-Preferred). Skilavaldið lítur svo á að SP-bréf munu að minnsta kosti nýtast til að uppfylla MREL-kröfur til 1. janúar 2024, en þá verður lokafrestur liðinn til að uppfylla kröfur vegna MREL samkvæmt BRRD II (sjá einnig umfjöllun í kafla 6.2, bls. 19). Fjármálafyrirtæki hér á landi þurfa að vera undir það búin að lokafresturinn verði ekki lengri en framangreind dagsetning, en það mun skýrast við upptöku BRRD II í EES samninginn á næstu misserum.

Skilavaldið vekur því athygli á að BRRD II og CRR II gera ráð fyrir möguleikum til að veita fjármálafyrirtækjum um svigrúm til að uppfylla kröfur um undirskipan. Þetta svigrúm felst annars vegar í heimildum til að framlengja tímafresti stakra fyrirtækja, og hins vegar í ákvæðum sem gefa svigrúm til að geta talið SP-bréf með í MREL.

Fyrirnefnda atriðið felst í 45. gr. m samkvæmt BRRD II tilskipuninni, sem heimilar skilavaldi að veita einstökum fyrirtækjum fresti á grundvelli fjárhagsstöðu viðkomandi aðila ásamt skýrri og raunhæfri áætlun um að uppfylla MREL-kröfur innan eðlilegs tímafrests og skipta út skuldbindingum sem ekki uppfylla kröfur um undirskipan, svo og aðrar kröfur til hæfra skuldbindinga sem fylgja BRRD II.

Hitt atriðið felst í ákvæðum 3. og 4. mgr. 72. gr. b samkvæmt CRR II reglugerðinni. Í 3. mgr. 72. gr. b felst að skilastjórnvöldum er heimilt að leyfa tilteknu hámarki af SP-bréfum (3,5% af áhættugrunni) að teljast til MREL-krafna, að því gefnu að þau uppfylli öll skilyrði til hæfra skuldbindinga, samkvæmt 1. mgr. 72. gr. b í CRR II, önnur en þau að vera undirskipuð skuldbindingum sem eru undanskildar MREL og eftirgjöf. Í 4. mgr. 72. gr. b felst að skilastjórnvöldum er heimilt að leyfa SP-bréfum almennt að teljast til MREL-krafna að því gefnu að þau uppfylli öll skilyrði til hæfra skuldbindinga, samkvæmt 1. mgr. 72. gr. b í CRR II, önnur en þau að vera undirskipuð skuldbindingum sem eru undanskildar MREL og eftirgjöf, svo framarlega sem jafnstæðar skuldbindingar sem eru undanskildar MREL og eftirgjöf nemi ekki hærri fjárhæð en 5% af eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum. Skilastjórnvöldum er aðeins heimilt að veita undanþágu annað hvort á grundvelli 3. eða 4. mgr. 72. gr. b samkvæmt CRR II reglugerðinni.

5.4.2. MREL-kröfur á samstæðugrunni

Fjármagnsgerningar fjármálafyrirtækis á samstæðugrunni munu nýtast til að uppfylla MREL-kröfur á samstæðugrunni, sbr. 18. gr. sml. Þó skal á það benti að almennt eigið fé þáttar 1 (CET1) sem er haldið vegna eiginfjárauka getur ekki nýst til að uppfylla MREL-kröfur hér á landi, enda eiginfjáraukar ekki hluti af fjárhæð tappols. Þar sem MREL-stefna skilavaldsins miðast við einviða skilaáðgerð (SPE) mun skilavaldið einungis taka til greina sem fullgildar, hæfar skuldbindingar þá fjármagnsgerninga sem gefnir eru út af móðurfélögum fjármálafyrirtækja, en ekki dótturfélögum. Dótturfélög fjármálafyrirtækja mega jafnframt ekki eiga MREL-skuldbindingar sem eru útgefnar af fjármálafyrirtækinu sjálfu.

5.4.3. Takmörkun á krosseignarhaldi

BRRD regluverkið felur í sér að áhættu með tilliti til krosseignarhalds á hæfum skuldbindingum beri að takmarka, meðal annars vegna smithættu (e. Contagion) sem það felur í sér. Skilavaldi Seðlabankans er til dæmis falið að kanna tegundir handhafa skuldbindinga við mat á skilabærni til að leggja mat á hvort krosseignarhald á hæfum skuldbindingum sé til staðar. Komi í ljós að slíkt krosseignarhald feli í sér annmarka á skilabærni getur skilavaldið brugðist við með því að krefjast þess að fyrirtæki selji tilteknar eignir eða takmarki safn áhættuskuldbindinga, bæði gagnvart einstökum aðilum og að samtölu. Umrætt mat fer fram bæði í þeirri umgjörð sem felst í BRRD I og BRRD II. Innleiðing BRRD II mun að hluta til fela í sér samræmingu innan EES með tilliti til krosseignarhalds á hæfum skuldbindingum.

5.4.4. Önnur atriði varðandi hæfar skuldbindingar vegna MREL

- Fjármálafyrirtæki ætti ekki að nýta kauprétt (e. Call) eða greiða upp skuldbindingar sem nýtast í MREL, ef það leiðir til þess að fyrirtækið uppfyllir ekki lengur MREL-kröfur, nema að höfðu samráði við skilavald Seðlabankans. Eftir BRRD II verður fjármálafyrirtækjum óheimilt að nýta kauprétti eða greiða upp skuldbindingar nema að fengnu samþykki skilavaldsins.
- Ef SP-bréf eða aðrar MREL-skuldbindingar innihalda hvata til að innkalla eða greiða upp skuldbindingar fyrir lokagjalddaga (e. Step-up) þá miðast mat á hvort skuldbinding teljist fullgild og hæf við þá dagsetningu sem slíkur réttur verður fyrst virkur, en ekki lokagjalddaga, sbr. 2. mgr. 17. gr. sml.
- Skilavald Seðlabankans getur ekki veitt heimild til að telja skuldbindingar til MREL ef þær innihalda eða eru tengdar (e. Embedded) afleiðu. Sé slík skuldbinding einungis með kaup- og/eða sölurétt útilokar slíkur réttur ekki skuldbindingu sem inniheldur eða er tengd afleiðu frá því að teljast til MREL.
- Skuldbindingar sem innihalda skuldajöfnunarrétt (e. Set-off or Netting Arrangements) geta ekki talist til MREL, ef slíkur réttur hefur í för með sér að fjármálafyrirtæki getur ekki mætt tapi við skilameðferð.
- Þegar skuldbindingar eru útgefnar utan EES ríkis, þarf fjármálafyrirtæki að tryggja að í skilmálum útgáfunnar felist viðurkenning gagnaðila á að skuldbindingin geti verið háð eftirgjöf og þannig nýst til endurfjármögnunar við skilameðferð í samræmi við 23. gr. sml. og ákvæði BRRD I og II.
- Skilavaldið leggur áherslu á að það er á ábyrgð fjármálafyrirtækis að tryggja að skuldbindingar og eiginfjárgerningar sem eru taldir til MREL, uppfylli öll nauðsynleg skilyrði til að teljast til hæfra skuldbindinga. Skilavaldið leggur jafnframt áherslu á að fjármálafyrirtæki hér á landi undirbúi sig fyrir væntanlegar breytingar á kröfum til hæfra skuldbindinga sem fylgja munu BRRD II.

5.5 Afstaða varðandi tímafresti til að uppfylla MREL-kröfur

Áætlað er að MREL-kröfur taki gildi að fullu hér á landi frá ársbyrjun 2022 við samþykkt skilaáætlana hjá Seðlabanka Íslands. Skilavaldið telur ekki ástæðu til að veita fjármálafyrirtækjum sérstaka aðlögunarfresti til að uppfylla MREL-kröfur, sbr. 7. og 8. gr. MREL reglugerðarinnar, að svo stöddu. Fjármálafyrirtæki þurfa að huga að

Því að eftir innleiðingu BRRD II mun tiltekinn lokafrestur til að uppfylla MREL-kröfur taka gildi, að öllum líkindum 1. janúar 2024, sjá nánar kafla 6.2 (bls. 19). Yfir þetta tímabil ættu fjármálafyrirtæki ekki að breyta fjármögnunarsamsetningu verulega, í þá átt að MREL-kröfum eins og þeim er lýst í þessari MREL-stefnu verði ekki náð.

5.6 Samantekt fyrir MREL-kröfur

Samandregið eru MREL-kröfur skilavalds Seðlabanka Íslands eftirfarandi:

- Skilavaldið mun ekki hafa áhrif á grunnþætti fjárhæðar tappols (LAA). Hún verður því jafngild lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn (Stoð I og Stoð II-R).
- Skilavaldið mun reikna fjárhæð tappols (LAA) og þar með MREL-kröfur í heild án gildandi samanlagðrar kröfu um eiginfjárauka. Fjármálafyrirtækjum verða birtar MREL-kröfur án samanlagðrar kröfu um eiginfjárauka og þurfa að uppfylla kröfuna samhliða MREL.
- Skilavaldið mun, að sinni, ekki hafa áhrif á grunnþætti fjárhæðar endurfjármögnunar (RCA), sem verður jafngild lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn.
- Gildi áhættugrunns við útreikning á hlutfalli fjárhæðar endurfjármögnunar (RCA) kann að verða aðlagð (lækkað) miðað við líklega stöðu efnahagsreiknings fyrirtækis þegar það er á fallanda fæti.
- Heimilt er að uppfylla fjárhæð endurfjármögnunar (RCA) með almennu eigin fé þáttar 1, eða öðrum eiginfjárgrunnsgeringum, umfram heildarkröfu um eiginfjárgrunn.
- Ekki verður, að sinni, gerð krafa um viðbótarfjárhæð vegna markaðstrausts (MCC) hér á landi.
- Skilavaldið mun ekki aðlaga MREL með hliðsjón af ætluðu framlagi frá TIF við skilameðferð fjármálafyrirtækis, sbr. 6. gr. MREL-reglugerðarinnar.
- Fjármálafyrirtæki hér á landi verða að uppfylla kröfur til hæfra skuldbindinga og þurfa að huga að væntanlegum kröfum um undirskipan sem fylgja BRRD II. Skilavaldið telur að fjármálafyrirtæki á Íslandi ættu ekki að reiða sig á lengri lokafrest vegna MREL samkvæmt BRRD II, en til 1. janúar 2024.
- Fjármálafyrirtækjum er bent á að kynna sér skilyrði fyrir veitingu lengri aðlögunarfrests vegna MREL fyrir einstök fjármálafyrirtæki á grunni undanþáguákvæða samkvæmt BRRD II og sambærilegum ákvæðum samkvæmt 7. og 8. gr. MREL-reglugerðarinnar.

VI Önnur málefni tengd MREL

Frá gildistöku laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, hefur skrifstofa skilavalds fengið ýmsar fyrirspurnir vegna MREL og veitt upplýsingar þar að lútandi. Í stefnu skilavalds Seðlabanka Íslands um MREL eru birtar upplýsingar, tengt þessum fyrirspurnum, sem taldar eru hafa almennt gildi og þýðingu fyrir fjármálafyrirtæki hér á landi. Til viðbótar við efni sem fjallað er um í köflum 2-5 hér að framan hafa einkum borist fyrirspurnir varðandi birtingu upplýsinga um MREL, lokafrest varðandi MREL samkvæmt BRRD II og aðlögunarfresti og viðurlög.

6.1 Birting upplýsinga um MREL-kröfur

Skilavaldið hyggst einungis birta MREL-ákvarðanir og MREL-kröfur fyrir fyrirtæki sem kröfurnar ná til. Fjármálafyrirtækjum er í sjálfsvald sett hvort það vilji birta upplýsingar um MREL opinberlega. Regluverk varðandi gagnsæi vegna MREL mun hinsvegar breytast nokkuð eftir innleiðingu BRRD II hér á landi því þá munu fjármálafyrirtæki þurfa að birta upplýsingar um MREL-kröfur.¹⁶ Skrifstofa skilavalds hvetur fjármálafyrirtæki til að kynna sér hinar væntanlegu breytingar tímanlega.

6.2 Lokafrestur varðandi MREL samkvæmt BRRD II

Í núverandi lagaumhverfi, þ.e. á meðan BRRD II hefur ekki verið innleitt hér á landi, er svigrúm til staðar til að veita fjármálafyrirtækjum frest til að uppfylla MREL-kröfur. Samkvæmt núgildandi lögum hefur enginn lokafrestur til að uppfylla MREL-kröfur hér á landi verið tilgreindur, en eftir innleiðingu BRRD II öðlast lokadagsetning til að uppfylla MREL-kröfur gildi hér á landi. Sá frestur nær samkvæmt tilskipuninni til 1. janúar 2024. Á meðan BRRD II tilskipunin hefur enn ekki verið tekin upp í EES-samninginn gildir fresturinn einungis um banka innan ESB. Jafnframt er óvissa um hvort tímafrestur fjármálafyrirtækja til að uppfylla MREL-kröfur verður mögulega lengri en fram til 1. janúar 2024, t.d. ef aðlögun vegna dagsetningarinnar fæst við upptöku BRRD II í EES-samninginn. Á meðan framangreind óvissa er til staðar gerir skrifstofa skilavalds Seðlabanka Íslands ráð fyrir að íslensk fjármálafyrirtæki þurfi að uppfylla MREL-kröfur í þrepum fram til 1. janúar 2024, nema að skilyrði til frekari frestunar eigi við, í samræmi við BRRD II, sbr. ákvæði 45. gr. m í tilskipuninni.¹⁷ Þessi

afstaða verður endurskoðuð þegar ljóst verður hvort til aðlögunar komi á almenna tímafrestinum til að uppfylla MREL-kröfur.

Skrifstofa skilavalds hvetur íslensk fjármálafyrirtæki til að huga tímanlega að því hvort útgáfa SNP-bréfa sé æskileg og hæfi fjármögnunarsamsetningu fyrirtækja, í ljósi væntanlegra tímafresta samkvæmt BRRD II. Þá bendir skrifstofa skilavalds fjármálafyrirtækjum jafnframt á undanþágur samkvæmt 3. og 4. mgr. 72. gr. b CRR II, þ.e. um heimildir til að telja SP-bréf til MREL eftir gildistöku BRRD II, sbr. kafla 5.4.1 (bls. 16-17) að framan. Vakin er athygli á að skilavaldið mun aðeins geta veitt undanþágu byggða á öðru hvoru ákvæðinu.

6.3 Viðurlög vegna MREL

Lög um skilameðferð lánastofnana og BRRD I innihalda ekki ákvæði varðandi viðurlög ef fjármálafyrirtæki uppfylla ekki MREL-kröfur. Hins vegar getur skilavaldið krafist þess að fjármálafyrirtæki gefi út hæfar skuldbindingar eða grípi til annarra aðgerða, svo sem að endursemja um skilmála hæfra skuldbindinga til að uppfylla MREL, sbr. 10. og 11. tölul. 3. mgr. 15. gr. sml. Þá felst í BRRD II að útgreiðslur fyrirtækja geta takmarkast ef fyrirtæki uppfyllir ekki MREL-kröfur, það er á grundvelli svokallaðra M-MDA reglna (e. MREL Maximum Distributable Amount).¹⁸ Í þeim felst að fyrirtæki er einungis heimilt að framkvæma útgreiðslu, t.a.m. að borga arð, kaupa eigin hlutabréf eða borga kaupauka, ef það nær MREL-hlutfallinu sem skilavald krefst. Nái það því ekki takmarkast heimildir fyrirtækis til útgreiðslna hlutfallslega, með sambærilegum hætti og skv. 5.-6. gr. reglna um hámarksútgreiðslufjárhæð og takmarkanir á útgreiðslum fjármálafyrirtækja vegna eiginfjárauka, nr. 1270/2015.

¹⁶ Eftir innleiðingu BRRD II munu fyrirtæki þurfa að birta reglulega upplýsingar í samræmi við viðauka V og VI í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/763, sem er [aðgengileg hér](#).

¹⁷ Frekari frestur á að uppfylla MREL-kröfur verða ekki veittar almennt, heldur einungis með hliðsjón af stöðu hvers fyrirtækis.

¹⁸ Sjá nánar í kafla 8 í MREL-stefnu SRB byggða á BRRD II, sem er [aðgengileg hér](#).

6.4 Aðrar skyldur fjármálafyrirtækja tengdar MREL

Skilavald Seðlabankans áréttar að það er á ábyrgð fjármálafyrirtækja að sjá til þess að samningsskilmálar uppfylli kröfur samkvæmt 23. gr. sml.

Þá þurfa fjármálafyrirtæki að leggja mat á hvort samningar þess haldi gildi sínu við skilameðferð (e. Resolution-proof) og uppfæra mat sitt árlega í gagnaskilum vegna gerðar skilaáætlana.

